

Fundur 13.5.2024 Ólöf Pálsdóttir myndhöggvari dó 21. 2. 2018.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið.*

Ætla ég nú ekki að tala lengi en vona ég að ég geti sent ykkur orku, ég hef ekki talað við ykkur áður, íslensk kona.

Ég er stödd í stórum og glæsilegum sal og minnti hann mig fyrst á kirkju og samkomuhús og tónleikasali sem ég hafði komið inn í á gömlu jörðinni, en hér er þó fjölmennara og minnir á hvolfþök þeirra kirkna og samkomuhúsa sem glæsilegust eru á jörðinni gömlu.

Var ég oft stödd erlendis, þar sem við fórum á söfn og menningarhús og áttum við Íslendingar ekki svo stóra kirkju fyrr en Hallgrímskirkja reis og er hún þó ekki í námunda við þessi mannvirki sem stjörnusambandsstöðvarnar eru á þessum hnetti.

Og hef ég oftsinnis látið það koma fram í list minni, hvernig þróun mannfélaganna er upp á við og hvernig Íslendingar á gömlu jörðinni ættu skilið að njóta þess að framlag Íslendinga til heimsmenningarinnar verður miklu merkilegra talið þegar kenningar dr. Helga Pjeturss verða viðurkenndar alþjóðlega.

Og er það beint framhald af kirkjubyggingum þeim erlendis sem glæsilegastar eru og þegar ég er að vinna með höndunum að verkum mínum, finnst mér hinn guðlegi máttur starfa í gegnum mig.

Og hvort sem það eru stytur eða skúlptúrar eða stytur, þá finnst mér hinn skapandi máttur hjálpa mér að koma hinni réttu mynd á verkin og verður mér oft hugsað til stjörnusambandsstöðvanna nú orðið þegar ég vinn vinnu mína og varð það vissulega mjög eftirminnilegur áfangi í lífi mínu þegar ég fram kom á þessum hnetti og fæddist í annað sinn, en ekki af móður heldur í guðsgrænni náttúrunni.

Og hef ég sumuleiðis gert stytur af því sem ég hef upplifað í þessum sambandsstöðvum þegar líkamningar Guðanna birtast í salnum og eru það fagar myndir og upp á við.

Já það er svo margt sem ég vildi segja en kem ég því ekki í gegn, en gleður það mig að komast í sambandið, Íslensk kona, lést ég fyrir nokkrum árum.

*Fékst þú við listir ?*

Já, ég er að reyna að koma fram nafni mínu, ég vil koma þessu erindi, fagnaðarerindi til allra Íslendinga og vona að þeir taki þátt í þessu og mun það verða fréttæfni fyrir heimsbyggðina, þegar fjölmenni verður meira og hætt að verða á trúarbragðastiginu og komið á vísindaleiðina.

Verð ég nú að kveðja ykkur, íslensk kona Ólöf Pálsdóttir.

Ég er að detta út úr sambandinu, orkan er ekki nægileg, ég verð að kveðja.

Verið þið sæl.

*Vertu sæl og þakka þér fyrir komuna.*